

um störf bjargráðanefndar neðri deildar 1918.

1. Nefndin hjelt fyrsta fund sinn 20. apríl og ákvað að fara þess á leit við stjórnarráðið, að fá skýrslur
  - a. um aðgerðir viðvikjandi almennri hallærishjálp, svo sem um lán til sveitarfjelaga og hallærisvinnu;
  - b. um úthlutun kola með niðursettu verði;
  - c. um mótinslu frá Þorkeli Clementz;
  - d. um brúnkolavinslu í Svíþjóð.

Nefndin fjekk þessar skýrslur og kynti sjer þær eftir föngum og studdist að sumu leyti við þær við ákvarðanir, er hún framkvæmdi síðar.

2. Erindi hafði nefndin til meðferðar frá sýslumanni Strandasýslu um kolanám í Gunnarsstaðagróf. Var lesið upp erindi frá landsverkfræðingnum út af þessu erindi og skýrsla frá N. P. Kirk um brúnkolanámur á Skáni í Svíþjóð.

Eftir að nefndin hafði íhugað kolamálið yfir höfuð, svo og mótekjumálið, sbr. síðar, komst hún að þeirri niðurstöðu, að mótekja mundi borga sig betur og reynast víðast hvar betra bjargráð við eldsneytisskorti heldur en kolanám. Þess vegna væri enn minni ástæða til að láta landssjóð leggja út í ný kolanámufyrirtæki.

3. Þá barst nefndinni frumvarp stjórnarinnar um almenna dýrtíðarhjálp. Eftir að nefndin hafði átt viðtal við fjármálaráðherrann á fundi, ákvað hún að gera allmiklar breytingar á frumvarpinu, og hafa þær legið fyrir háttv. neðri deild, bæði breytingar, er þá voru bornar fram af nefndinni, og síðari breytingar.
4. Þá spurðist nefndin fyrir um það í brjefi, dags. 29. apríl, til stjórnarráðsins, hverjar horfur væru á því, að landsstjórnin gæti fengið nauðsynleg lán til þeirra bjargráðaframkvæmda á þessu og komandi ári, að því leyti, sem væntanlegar tekjur landssjóðs ekki hrökkva til, og miðað við ekki einungis þau lög og ákvarðanir, sem nú eru í gildi, heldur og við væntanlegar ráðstafanir Alþingis nú.

Nefndinni hefir ekki borist neitt beint svar upp á þessa fyrirspurn, hvorki munnlegt nje skriflegt.

5. Þá fjekk nefndin þingsályktun um úthlutun matvöru og sykurs með seðlum. Rætt var um tillögu þessa við forstjóra landsverslunarinnar, sem lýstu því yfir, að þeir mundu, eftir því sem vöruforði og flutningstæki leyfðu, fullnægja því, sem meint væri með tillögunni, og ákvað nefndin því að leggja til, að tillagan yrði afgreidd með rökstuddri dagskrá.
6. Með brjefi, dags. 3. maí, ritaði nefndin stjórnarráðinu og bað það að leita upplýsinga í kaupstöðum og sjávarþorpum um, hve mörgum róðrabátum til fiskveiða sje á að skipa í hverju hjeraði eða bæ, og hver þörf við-

komandi sveitar- og bæjarfjelaði þykir á, að aukið sje þar við. Enn fremur hver efni sjeu fyrir hendi, eða líkur til að fá, til nauðsynlegrar aukningar.

Eftir að nefndin hafði fengið þessa skýrslu, bar hún fram þingsályktun, sem skorar á landsstjórnina að hlutast til um, að landið verði sem bráðast birgt að áraefni, trjávið og saum, til viðhalds og smíða opinna róðrabála þar, sem mest er þörf.

7. Nefndin leitaði sjer upplýsinga um það um alt landið, eftir föngum, hvernig aðstaða einstakra bæjarfjelaga og þorpa væri til þess að geta birgt sig upp að mó og öðru innlendu eldsneyti. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að víðast hvar mætti það takast, með nægri fyrirhyggju, þó einstöku hjeruð skorti tilfínnanlega mótak, svo sem Reykjanesskaginn. Stjórnarráðinu var síðan skrifað um að hvetja landsmenn til að afla sjer sem mests af mó og annars innlends eldsneytis af eigin ramleik.
8. Þá grenslaðist nefndin eftir því, hvað gert hefði verið til þess að útvega landinu kartöfluútsæði, og komst að þeirri niðurstöðu, að stjórnin hefði gert í því efni það, sem hægt var að gera.
9. Frú Guðný Ottesen hafði sótt um styrk til þess að afla útsæðis og geyma það. Nefndin gat ekki fallist á að veita þennan styrk, en ákvað að fletja í þess stað þingsályktunartillögu, þar sem stjórninni sje falið að annast þetta útsæðismál og að hvetja bæjar- og hjeradsstjórnir til þess að hafa vakandi auga á því máli. Og enn fremur að annast um leiðbeiningar til almennings um geymslu á kartöflum.
10. Út af erindum þeim, sem lágu fyrir þinginu um móiðnað í stærri stíl, ákvað nefndin að bera fram þingsályktunartillögu, þess efnis að fela stjórninni að láta gera rækilega rannsókn á helstu mómyrum, til þess að komast fyrir, hvort móiðnaður með Lavals-aðferð væri tiltækilegur.
11. Þá barst nefndinni erindi frá skógræktarstjóra, þar sem hann óskar að fá heimild þingsins og fjárframlög úr landssjóði til þess að höggva og fletja til Reykjavíkur við úr Vatna- og Hallormsstaðaskógi. Samkvæmt áætlun, sem fylgdi erindi þessu, á slíkt fyrirtæki að geta borgað sig eða borið sig sjálfst, og þótti nefndinni því rjettast að vísa því máli til stjórnarinnar, með hvatning til framkvæmda.
12. Stjórnin bar upp erindi 5 sendimanna frá Færeyjum um hjálp til vöruflutninga frá Vesturheimi. Voru þjargráðanefndir beggja þingdeilda því eindregið fylgjandi, að landsstjórnin vikist undir þessa málaleitun eins vel og hún sæi sjer fært, án verulegs бага fyrir landið.
13. Meiri hluti nefndarinnar var því meðmæltur, að samþykkt yrði frumvarp um fólksráðningarskrifstofu í Reykjavík, og vann nefndin talsvert að því frumvarpi.
14. Stjórnarráðið sendi nefndinni, með brjefi dags. 10. maí, erindi frá landsversluninni, þar sem hún leggur til, að landið taki að sjer einkasölu á aðalkornvörutegundum og sykri, er til landsins fletjast. Eftir að samningur stjórnarinnar við Bandamenn var orðinn kunnur, fjetst nefndin á tillögu forstjóra landsverslunarinnar.
15. Með brjefi, dags. 29. maí, sendi stjórnarráðið nefndinni erindi frá landsversluninni, þar sem hún leggur til að hafa hjer eftir að eins einn erind-

- reka í Vesturheimi. Nefndin samþykkti það samþuga fyrir sitt leyti og tilkynti landsstjórninni það með brjefi, dags. 30. maí.
16. Nefndin samþykkti að flytja þingsályktunartillögu um það, að landsverslunin hefði sem meginreglu að fela kaupmönnum og kaupfjelögum sölu á útlendum nauðsynjavörum, er landsverslunin kaupir, og að stjórnin reyni að útvega lán með sem lengstum greiðslufresti.
  17. Þá ákvað nefndin að bera fram tillögu til þingsályktunar um að veita stjórninni heimild til að verja 4000 kr. styrk til þess að koma á fót almenningseldhúsum í Reykjavík, eða til utanfarar eins karlmanns og kvenmanns til þess að fræðast um rekstur slikra eldhúsa og fyrirkomulag þeirra.
  18. Samkvæmt tillögum stjórnarinnar ákvað nefndin að bera fram viðauka við lög nr. 6, 8. febrúar 1917, þar sem stjórninni sje heimilað að taka eignarnámi innlendar vörur, er flytjast eiga úr landi, ef þörf gerist.
  19. Þá afhenti stjórnin nefndinni erindi frá sildarútgerðarmönnum um kaup fyrir landsins reikning á 150 þús. tunnum af sild í sumar. Áttu bjargráðanefndir beggja deilda sameiginlegan fund um þetta mál og viðtal við umboðsmenn sildarútgerðarmanna. Nefndirnar komu sjer að lokum saman um að bjargráðanefnd efri deildar bæri fram frumvarp um kaup á 100 þús. tunnum af sild á þessu sumri, og var frumvarpið samið af báðum nefndum.
  20. Vísað hafði verið til nefndarinnar frumvarpi til laga um afnám verðlagsnefndar, á þingskj. 336.  
Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að verðlagsnefnd, eins og Alþingi hugsaði sjer hana 1915, mundi ekki geta komið að tilætluðum notum, og að þýðing hennar væri að nokkru leyti fallin burt, er landsverslunin hafði tekið að sjer alla verslunina með helstu nauðsynjavörur. Lígi vildi hún þó afnema verðlagsnefndir með öllu, og bar því fram frumvarp, er heimilar stjórninni að skipa verðlagsnefndir í kaupstöðum, eftir tillögum og eftir ósk bæjarstjórna og á kostnað kaupstaðanna.
  21. Þá óskaði stjórnin að fá lagaheimild til að banna útflutning á innlendum vörum, einkum þeim, sem skaðað gætu markaðinn fyrir nýja framleiðslu, og að hegning yrði viðlögð, ef útflutt vara reyndist svikin. Nefndin fjelst á að flytja frumvörp um þessi efni, ef stjórnarráðið vildi semja þan, og var stjórninni tilkynt það 29. júní.
  22. Stjórnin hafði lagt fyrir nefndina erindi og frumvarp um sjerstakt útflutningsgjald á fiski, framleiddum 1916 og 1917, en útfluttum í ár, frá nokkrum kaupmönnum, er beðið hafa tjón af fiskkaupum af þessa árs framleiðslu, sem yrði varið til þess að bæta þeim tjónið.

Enda þótt nefndinni væri ljóst, að kaupmenn þessir hefðu beðið allmikið tjón, og að þeir hefðu beðið það vegna samnings landsstjórnarinnar í ár við Bandamenn, þá gat hún þó ekki fallist á að flytja frumvarp í þessu skyni, þar sem bæturnar mundu snerta að eins örfáa menn af mörgum, sem beðið hafa tjón, á einn og annan veg, vegna þessa samnings, enda örðugt að jafna skattinum rjettlátlega niður.

Nefndin hafði afskifti af ýmsum fleiri málum, sem eigi þykir ástæða til að geta sjerstaklega, og alls hjelt hún 47 fundi.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Björn Kristjánsson,  
skrifari.